

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 19. ágúst var haldinn 439. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 08:38.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson Reykjavík, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Benediktsson Seltjarnarnesi og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit yfir rekstrartengda fjárfestingu árið 2026.
2. Rætt um framkvæmdaáætlun 2026 og mögulegar breytingar á henni vegna ástands lyftna í Skálafelli.
Samþykkt að nýta fjármagn úr framkvæmdaáætlun 2026 og setja í drenlagnir í Bláfjöllum, allt að 15.0 mkr.
Samþykkt að nýta fjármagn úr framkvæmdaáætlun 2026 og setja í undirbúning snjóframleiðslu í Bláfjöllum, allt að 10.0 mkr.
3. Lögð fram uppbyggingaáætlun skíðasvæðanna 2026-2035.

Fulltrúi Seltjarnarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Í fyrirliggjandi fundargögnum kemur fram að áætlaður kostnaður vegna uppbyggingar í Skálafelli sé í þó nokkrir milljarðar. Langflestir fulltrúar í þessari nefnd sitja hér fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn hefur í gegnum árin stælt sig af skýrri sýn í rekstri sveitarfélaga og ávallt talað gegn óþarfa útgjöldum hins opinbera. Fyrirhuguð uppbygging í Skálafelli samræmist ekki þeim áherslum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið fyrir og þá allra síst í ljósi þá aðstæðna sem eru í samfélaginu. Ekki nema þið séuð hrifin af keyniskri hagfræði. Þar að auki má ég til með að minna ykkur á skilgreiningu gæluverkefna, en það eru öll þau verkefni sem sveitarfélög framkvæma sem þeim ber ekki lagaleg skylda til. Gæluverkefni þurfa ekki öll að vera slæm, en hér erum við að tala á þó nokkra milljarða. Við rekum nú þegar í dag eitt stórt skíðasvæði, og sé ég enga ástæðu til þess að reka annað af sömu stærðargráðu. Rekstur sveitarfélaga er víða þungur. Framundan er kaldur vetur og spá menn algjöru frosti á markaðinum. Kjarasamningar gætu losnað, verðbólgan hækkar og óvissan með. Seðlabankinn hefur ítrekað biðlað til sveitarfélaga um að sýna aðhald í útgjöldum og forðast óþarfa þenslu. Það hlýtur því að vera full ástæða til þess að setja verkefni eins og Skálafell á algjöran ís. Í afliðinni kosningabaráttu var ein setning sem mér fannst allir listar Sjálfstæðisflokksins, og nær allir flokkar, nota. En hún er „Forgangsroðun í rekstri“, og önnur slagorð í þessa áttina. Ég hef svarið mínum kjósendum og íbúum á seltjarnarnesi þann eið að fara vel með skattfé og forgangsraða rétt. Að svo stöddu tel ég að stöðva þurfi frekari uppbyggingu á Skálafelli. Þar að auki þarf að endurmeta verkefnið algjörlega frá grunni áður en ráðist verði í frekari fjárfestingar.

Fulltrúi Mosfellsbæjar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Mosfellsbæjar leggur áherslu á að staðið verði við uppbyggingu í Skálafelli sem ákveðin var árið 2018 þegar ákveðið var að fara í uppbyggingu á

skíðasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi uppbygging er langt komin í Bláfjöllum en Skálafell er lokað. Fulltrúi Mosfellsbæjar gerir kröfu um að staðið verði við þetta samkomulag og Skálafell verði opnað sem fyrst.

Samstarfsnefnd skíðsvæðanna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Árið 2018 var gerður samstarfssamningur um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á þeim tíma sem liðinn er hefur talsverð uppbygging átt sér stað í Bláfjöllum en lokað er í Skálafelli.

Það liggur fyrir að uppbygging í Skálafelli kostar talsverða fjármuni en á þessum árum sem liðin eru frá undirritun samningsins hafa fjárhæðir í honum ekki verið endurskoðaðar eða verðbættar.

Samstarfsnefndin óskar eftir umræðum og ákvörðun frá stjórn SSH um það hvort tilefni sé til endurskoðunar á samkomulaginu, bæði framkvæmdaáætlun og fjárhæðum sem þar eru.

Samþykkt.

4. Lögð fram drög að lóðarleigusamningi milli Kópavogsbæjar og Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins um lóðina Bláfjallaleið 14 vegna Bláfjallaskála.
5. Fulltrúar nefndarinnar fóru í skoðunarferð um skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Fundi slitið kl. 11:30

Þorvaldur Daníelsson

Andri Steinn Hilmarsson
Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir
Valdimar Birgisson

Kristín Thoroddsen
Magnús Benediktsson